



Ávarp formanns Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann



Steinunn Bergmann,
formaður Félagsráð-
gjafafélags Íslands

Kæru félagsráðgjafar!

Mikið hefur mætt á félagsráðgjöfum á þessum fordæmalausu tímum vegna Covid-19-faraldursins sem hefur herjað á heimsbyggðina í rúmt ár. Þannig hafa þeir orðið að færa vinnuna heim fyrirvaralaust og um leið tryggja órofna þjónustu fyrir viðkvæma hópa. Heimsfaraldurinn hefur einnig sett sitt mark á starfsemi félagsins sem hefur færst yfir í rafrænar lausnir á flestum sviðum. Kjaramálin hafa verið í forgrunni og þó gengið hafi verið frá kjarasamningum við vinnuveitendur á opinberum markaði og Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu um mitt ár 2020 er þeirri vinnu ekki nærri lokið. Samkomulag við Samtök atvinnulífsins þar sem vinnutímaákvæði voru löguð að ákvæðum kjarasamninga skrifstofufólks á almennum vinnumarkaði var undirritað í byrjun árs 2021. Innleiðing á styttingu vinnuvikunnar er ferli sem mun taka tíma en ávinn-ingurinn sem stytting vinnuvikunnar getur haft í för með sér fyrir vinnustaði og starfsfólk er augljós. Helstu markmið styttingarinnar eru bætt vinnustaðamenning og betri nýting vinnutíma. Með styttingu vinnuvikunnar verður vinnustaðurinn skilvirkari og um leið fjölskylduvænni og getur styttingin stuðlað að auknu jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði og inni á heimilum.

Félagið hefur leitað leiða til að efla félagsráðgjafa í starfi og því var boðið upp á rafræna fræðslu með Herman Mönnink í maí og júní 2020 um áfallavinnu félagsráðgjafa. Þeirri fræðslu var fylgt eftir með námskeiði í apríl og maí 2021 þar sem áhersla var lögð á sérþekkingu félagsráðgjafa í vinnu með streitu og áföllum til að efla félagslega heilsu. Fagdeildirnar gegna lykilllutverki innan félagsins en þær eru nú 12 talsins eftir að fagdeild í heilbrigðisþjónustu var stofnuð 16. nóvember 2020. Haldinn var rafrænn morgunfundur á alþjóðlega mannréttindadeginum þann 10. desember 2020 í samstarfi við fagdeild í félagsþjónustu þar sem fjallað var um félagsráðgjöf og fátækt. Fagdeild í fjölmenningu var með rafrænan morgunfund 11. febrúar 2021 um heiðurstengt ofbeldi.

Það voru mikil vonbrigði að fresta þurfti Félagsráðgjafabingi sem áætlað var að halda á afmælisdegi félagsins 19. febrúar 2021. Þess í stað var boðið upp á rafræna afmælis dagskrá undir yfirskriftinni *Nýsköpun í félagsráðgjöf. Tækifæri og áskoranir á tímum heimsfaraldurs*. Þar fjallaði Guðný Björk Eydal, deildarforseti Félagsráðgjafardeildar Háskóla Íslands, um rannsóknir á áhrifum hamfara á samfélög og stuðning félagsráðgjafa til að draga úr afleiðingum áfalla. Regína Ásvaldsdóttir, sviðstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, ræddi um helstu áskoranir sem sviðið hefur staðið frammi fyrir á tímum Covid og þann lærdóm og þau tækifæri sem hafa skapast í kjölfarið. Að endingu fjallaði Pálmar Ragnarsson, fyrirlesari og körfuboltaþjálfari, um jákvæð samskipti. Í kjölfarið var boðið upp á fimm rafrænar hádegismálstofur frá febrúar til apríl 2021 þar sem fjallað var um beitingu gagnreynds vinnulags í heimsfaraldri, Tækifærið – ábyrgð á lífi og umhverfi, stafræna umbreytingu og notendamiðaða hönnun, nýsköpun í öldrunarþjónustu á Akureyri og ofbeldi í nánnum samböndum.

Félagið leggur mikla áherslu á að taka þátt í stefnumálum stjórnvalda og á liðnu ári voru ritaðar 23 umsagnir um þingmál og frumvörp á Alþingi auk umsagna um skýrslur og stefnumál innan ráðuneyta. Þá voru gerðar ályktanir um álitamál, svo sem um mannréttindi barna á flóttu. Unnið er að umfangsmiklum breytingum á þjónustu við börn og fjölskyldur undir stjórn félags- og barnamálaráðherra og hefur félagið lagt áherslu á virka þátttöku í því ferli.

Á tímum Covid-19 verður yfirskrift alþjóða félagsráðgjafardagsins 16. mars 2021, *Ubuntu: Ég er vegna þess að við erum. Styrkjum félagslega samstöðu og hnattræn tengsl*, augljós því við náum ekki árangri nema með því að standa saman öll sem einn, bæði í nærumhverfi og á alþjóðavettvangi. Það er verk að vinna næstu misserin en ef við snúum bökkum saman mun okkur farnast vel.

Kæru félagsráðgjafar, bestu þakkir fyrir ykkar mikilvægu störf og höfum áfram hugfast að það er grundvallaratriði að annast sjálfan sig til að geta sinnt öðrum. Við erum öll almannavarnir.

Vísindasjóður FÍ og Sigrúnarsjóður

Úthlutun úr Vísindasjóði FÍ

Á árinu 2019 til 2020 veitti Vísindasjóður þrjá styrki. Ellen Svava Guðlaugsdóttir fékk styrk að fjárhæð 250.000 kr. fyrir meistaraverkefni sitt: *Upplifun af verndandi þáttum og nánum tengslum í æsku.*

Sigrún Ósk Björgvinsdóttir fékk styrk að fjárhæð 500.000 kr. vegna rannsóknarinnar *Hvers vegna fara félagsráðgjafar í handleiðslu?* Rannsóknin var liður í rannsóknartengdu MA-námi Sigrúnar á Félagsvísindasviði Háskóla Íslands.

Þá ákvað Vísindasjóður FÍ að styrkja útgáfu bókar um faghandleiðslu um 800.000 kr. Bókin, sem ber nafnið *Handleiðsla – til eflingar í starfi*, kom út á haustmánuðum 2020 í ritsstjórn dr. Sigrúnar Júlíusdóttur. Í bókinni fjalla sautján sérfræðingar úr ólíkum faghópum um handleiðslu innan velferðarþjónustu og vinnumarkaðar.

Úthlutun úr Sigrúnarsjóði

Sigrúnarsjóður veitir styrki til nemenda í framhaldsnámi í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands, í doktors- eða meistaranámi, og/eða til rannsókna innan háskólans sem eru í samræmi við tilgang og markmið sjóðsins.

Í desember síðastliðnum fengu þær Díanna Ósk Óskarsdóttir og Ragnheiður Björg Guðmundsdóttir, doktorsnemar í félagsráðgjöf við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, styrk til doktorsrannsókna sinna.

Í doktorsverkefni sínu rannsakar Díanna Ósk reynslu og upplifun presta innan íslensku þjóðkirkjunnar af handleiðslu eftir efnahagshrunið 2008. Rannsóknin byggist bæði á viðtölum við rýnihópa og einstaklingsviðtölum við presta um upplifun þeirra af því að veita sálægslu við þessar krefjandi aðstæður. Í doktorsverkefninu er jafnframt fjallað um tilgang, ávinning og sögu handleiðslu.

Doktorsverkefnið er unnið undir leiðsögn Péturs Péturssonar, prófessors emerituss við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild.

Meginmarkmið doktorsverkefnis Ragnheiðar Bjargar er tvíþætt. Annars vegar rannsakar hún tengslahegðun íslenskra barna á aldrinum þriggja til fimm ára við umönnunaraðila sína með svonefndri TCI-



Ellen Svava tekur við sínum styrk. Með henni eru Guðrún Þorgerður Ágústsdóttir, formaður vísindanefndar FÍ, og Ásta Kristín Benediktsdóttir, nefndarmaður í vísindanefnd.



Frá afhendingu úr Sigrúnarsjóði

aðferðafræði (e. Toddler Care Index). Hins vegar er markmiðið að fræða og þjálfra fagaðila, sem koma að stuðningi við börn og fjölskyldur sem búa við hættu, í aðferðafræði TCI svo unnt sé meta hættuna og veita snemmtækan og markvissan stuðning til að fyrirbyggja frekari skaða.

Mikil þörf er á slíkum matstækjum þar sem tilkynningum til barnaverndaryfirvalda hefur fjölgað mikið að undanfögnu. Þetta á sérstaklega við um tilkynningar tengdar börnum sem búa við mikla hættu, heimilis- og líkamlegt ofbeldi, en auk þess hafa tilkynningar vegna neyslu foreldra aukist til muna.

Doktorsverkefnið er unnið undir leiðsögn Freyðísar Freysteinsdóttur, dósents við Félagsráðgjafardeild.



Alþjóðadagur félagsráðgjafar

Alþjóðadagur félagsráðgjafar var 16. mars 2021 en þann dag tóku félagsráðgjafar um allan heim höndum saman til að koma á framfæri sameiginlegum skilaboðum: *Ubuntu: Ég er vegna þess að við erum. Styrkjum félagslega samstöðu og hnattræn tengsl.* Hugtakið *Ubuntu: Ég er vegna þess að við erum* er afrísk heimspeki sem á samhljóm með heildarsýn félagsráðgjafar um samtengingu einstaklinga og umhverfis. Það er ákall um þörfina fyrir alþjóðlega samstöðu og varpar einnig ljósi á þekkingu og visku frumbyggja. Þetta eru skilaboð um að allar manneskur tengist og að framtíð okkar velti á viðurkenningu á þátttöku allra í því að byggja upp framtíð sem einkennist af sjálfbærni, sanngirni og félagslegum jöfnuði.

Á aðalfundi Félagsráðgjafafélags Íslands (FÍ) sem var haldinn þennan dag var fjallað um endurskoðun síðareglna félagsins til samræmis við síðareglur alþjóðasamtaka félagsráðgjafa. Síðareglur félagsráðgjafa á Íslandi snúast um manngildi og mannréttindi en *grundvöllur félagsráðgjafar er virðing fyrir manngildi og sérstöðu hvers einstaklings og trú á getu hans til að nýta hæfileika sína til fullnustu. Markmið félagsráðgjafar er að vinna að lausn félagslegra og persónulegra vandamála og sporna við félagslegu ranglæti. Félagsráðgjafi vinnur gegn mannréttindabrotum hvar svo sem þau eiga sér stað.* Félagsráðgjafar eru meðvitaðir um hlutverk sitt og vinna að þessum markmiðum á hverjum degi og eru hluti af því félagslega neti sem við treystum á þegar áföll verða.

Orðtakið *Maður er manns gaman* er lýsandi því manneskjan er félagsvera og henni er ekki edlislægt að verja tíma í einveru löngum stundum. Okkur er nauðsynleg sú örvun sem fylgir samskiptum við aðra. Því hafa sóttvarnareglur reynt á einstaklinga, samfélög og alþjóðasamfélagið, ekki bara efnahagslega heldur ekki síður félagslega enda sýna rannsóknir að mannleg tengsl eru sá þáttur sem hefur hvað mest áhrif á heilsufar okkar. Félagsráðgjafar mæta einstaklingum í viðkvæmri stöðu og fólki sem á á hættu útilokun og einangrun. Þeir þekkja afleiðingar félagslegs vanda fyrir einstaklinga og efnahag þjóða og geta lagt mikið af mörkum til lausnar. Afleiðingar heimsfaraldursins draga fram ójöfnuð hér á landi ekki síður en milli landa. Margir misstu atvinnu, óvíst er hvenær hjól atvinnulífsins taka við sér og ástandið setur mark á þá sem verða fyrir atvinnumissi, sérstaklega þá sem glímdu við fjárhagserfiðleika áður eða voru við fátæktarmörk.

Eftirspurn eftir aðstoð hjálparsamtaka jókst, umsóknum um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga fjölgaði, einnig tilkynningum til barnaverndarnefnda um vanrækslu og ofbeldi gagnvart börnum og sömuleiðis tilkynningum til lögreglu um heimilisofbeldi. Þá jókst félagsleg einangrun þar sem margvíslegri starfsemi var lokað eða dregið úr aðgengi auk þess sem margir fóru í sjálfskipaða sóttkví.

Félagsráðgjafar vinna að því að bæta félagslega heilsu og aðstoða þá sem upplifa streitu og áföll. Í heimsfaraldrinum sýndu félagsráðgjafar mikla hugkvæmni til að tryggja órofna þjónustu fyrir viðkvæma hópa og nýttu rafrænar lausnir þar sem því var við komið. Erlendar rannsóknir sýna að í heimsfaraldrinum urðu verkefni þyngri, þeim fjölgaði og aðstæður til að vinna þau urðu flóknari. Þannig fundu 74% félagsráðgjafa fyrir auknu álagi (Guðný B. Eydal, 2021). Þetta er í takt við óformlega könnun meðal félagsráðgjafa sem fylgdust með Afmælisdagsskrá FÍ; 75% þeirra reyndust finna fyrir auknu álagi. Þetta bætist við það álag sem var áður, en 40% félagsráðgjafa sýna einkenni streitu og kulnunar (Steinunn Hrafnadóttir og Ásta Snorradóttir, 2019).

Félagsráðgjafar eru kvennastétt og það er þekkt að konur standa þriðju vaktina líka í heimsfaraldri. Það er sú andlega byrði sem felst í að sinna ýmsu skipulagi sem tengist heimilislífinu, en niðurstöður rannsókna hafa sýnt að þriðja vaktin fellur iðulega konum á heimilinu í skaut. Þá hefur einnig verið bent á að konur eru meirihluti þeirra sem starfa í framlínustörfum og það bætist ofan á hræðslu við smit og almennt andlegt og líkamlegt álag. Því er brýnt að stjórnvöld grípi til aðgerða með það að markmiði að bæta vinnuáðstæður kvenna og draga úr álagi. Í síðustu kjarasamningum var samið um styttingu vinnuvikunnar svo að auðvelda mætti starfsfólki að samþætta vinnu og einkalíf. Rannsóknir sýna að bætt vinnuumhverfi dregur úr fjarveru vegna veikinda og minnkar starfsmannaveltu. 40 stunda vinnuvika er ekki náttúrulögmál og löngu tímabært að endurskoða 50 ára löggjöf um vinnuvikuna og færa dagvinnu í 35 stundir.

Ubuntu: Ég er vegna þess að við erum á sannarlega við á öllum sviðum og það næst árangur ef við hugum hvert að öðru og stöndum saman. Félagsráðgjafar eru til staðar fyrir viðkvæma hópa og einstaklinga sem upplifa streitu og áföll. Þeir þurfa því einnig að þetta raðirnar og hlúa að eigin heilsu.

Steinunn Bergmann

Nýir sérfræðingar og doktorar

Nýir doktorar



Þann 23. október 2020 varði Jóna Margrét Ólafsdóttir doktorsritgerð sína í félagsráðgjöf, *Addiction within families – The impact of substance use disorder on the family system*. (Fjölskyldur og fíkn: áhrif vímuefnaröskunar á fjölskyldu-kerfið). Ritgerðin var til sameiginlegrar doktorsgráðu við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands og Félagsvísindadeild Háskólans í Lapplandi.

Andmælandi var dr. Eydís Sveinbjarnardóttir, forseti Heilbrigðisvísindasviðs og dósent við Háskólann á Akureyri. Doktorsvörninni stýrði dr. Tarja Orjasniemi, dósent við Háskólann í Lapplandi.

Leiðbeinendur Jónu Margrétar voru dr. Steinunn Hrafnadóttir, prófessor við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, og dr. Tarja Orjasniemi, dósent við Félagsvísindadeild Háskólans í Lapplandi.

Leiðbeinandi Ásdísar Aðalbjargar var dr. Guðný Björk Eydal, prófessor við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands.



Þann 6. nóvember 2020 varði Ásdís Aðalbjörg Arnalds doktorsritgerð sína í félagsráðgjöf, *Fjölskyldustefna og foreldrahlutverk: Áhrif íslensku fæðingarorlofs-löggjafarinnar á atvinnuþátttöku foreldra og umönnun barna* (e. Policies and Parenthood: The Impact of the Icelandic Paid Parental Leave Law on Work and Childcare).

Andmælendur voru dr. Ivana Dobrotić, Marie Curie-rannsakandi hjá Department of Social Policy and Intervention við Oxford-háskóla, og dr. Ársæll M. Arnarson, prófessor og forseti Deildar heilsueflingar, íþróttta og tómstunda við Háskóla Íslands.

Leiðbeinandi Ásdísar Aðalbjargar var dr. Guðný Björk Eydal, prófessor við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands.

Nýr sérfræðingur



Þann 12. ágúst 2020 fékk Hervör Alma Árnadóttir réttindi sem sérfræðingur í félagsráðgjöf á sviði samfélags- og hópavinnu.

Árið 1997 lauk hún BA-prófi í félagsfræðum frá Háskóla Íslands og prófi til starfsréttinda í félagsráðgjöf árið 1999. Hervör Alma lauk meistaraprófi í félagsráðgjöf árið 2006 og varði áfangamat í doktorsnámi haustið 2019. Hún hefur lokið fjölda námskeiða í vinnu með hópum og sérhæft sig í því sambandi í hugmyndafræði reynslunáms og náttúru meðferð.

Hervör Alma starfaði sem félagsráðgjafi hjá félagsþjónustu Reykjavíkur árin 1999–2004 og sinnti á þeim tíma verkefnum sem tengdust samfélags- og forvarnarvinnu. Frá árinu 2004 til 2006 var hún forstöðumaður

búsetuúrræða geðfatlaðra á vegum velferðarsviðs Reykjavíkur. Frá mars 2006 til mars 2007 vann Hervör Alma að því að hanna forvarnarverkefnið *Taktu þátt* í samvinnu við skrifstofu forseta Íslands og frá 2007 til 2009 var hún forstöðumaður Unglingasmiðjunnar Stígs sem rekin er af velferðarsviði Reykjavíkur. Hervör Alma var einn hópstjóra Hálendishópsins, sem var hópastarf fyrir unglunga í sálfélagslegum vanda, frá árinu 2004–2009.

Frá árinu 2009 hefur Hervör Alma verið kennari við félagsvísindadeild Háskóla Íslands og komið að kennslu fjölda námskeiða, meðal annars í samfélagsvinnu og hópavinnu. Í rannsóknum sínum hefur Hervör Alma einkum fjallað um jafnarsett börn og þátttöku þeirra í málefnum sem þau varða og hópameðferð í félagsráðgjöf ásamt því að birta fræðigreinar um þetta efni.

DIPLÓMANÁM Í HANDLEIÐSLUFRÆÐUM HAUST 2021

Þriggja anna diplómanámsleið í handleiðslufræðum við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands er sjálfstætt 30 eininga þverfræðilegt nám að loknu námi til starfsréttinda eða sambærilegu háskólaprófi.

Markmið námsins er að nemendur öðlist þekkingu og skilning á handleiðslufræðum og færni til að veita handleiðslu í faglegu starfi og skipuleggja handleiðsluferfi á vinnustað. Þeir læra að beita kerfisnálgun og dýnamískri sýn á samskipti milli einstaklinga, faghópa og í stofnanasamstarfi.

Inntökuskilyrði

Námsleiðin er einkanlega ætluð félagsráðgjöfum með meistarapróf og löggilt starfsréttindi. Aðrir faghópar með sambærilega (fimm ára) menntun til starfsréttinda geta fengið inngöngu, stundað námið á sama hátt og lokið því með diplóma-gráðu í handleiðslufræðum frá Félagsráðgjafardeild. Önnur skilyrði fyrir inntöku eru minnst fjögurra til fimm ára *starfsreynsla* og að vera *í starfi* á sviði félags-, heilbrigðis-, skóla - eða réttarkerfis eða sálgæslu. Auk þess er gerð krafa um að hafa sótt 40 st. nám í *faghandleiðslu*, þar af minnst 25 st. í *einstaklingshandleiðslu*.

Skipulag námsins

Námið skiptist í fyrirlestra, klíníska þjálfun, heimanám með verkefnavinnu og annað sem styrkir lærdóms- og þroskaferli þátttakenda. Fræðilegu námskeiðin eru þrjú, eitt á misseri, til 10 eininga hvert.

Þátttakendur sækja námið í þrjár st. vikulega yfir kennslumisserið, fræðilegir fyrirlestrar eru aðra vikuna og dæmatímar/hóphandleiðsla hina vikuna. Þátttakendur veita sjálfir handleiðslu reglulega allan námstímann og vinna fræðileg verkefni samhliða öllu náminu.

Umsjón með náminu hefur dr. Steinunn Hrafnadóttir prófessor, sem veitir upplýsingar um námið, steinhra@hi.is. Í námsnefnd auk Steinunnar eru dr. Sigrún Júlíusdóttir, prófessor emeritus í félagsráðgjöf, og Díana Ósk Óskarsdóttir, doktorsnemi.

Nánari upplýsingar er að finna í kennsluskrá Háskóla Íslands, á vefsíðunni hi.is/handleidsla-vidbotardiploma og á heimasíðu Félagsráðgjafardeildar, felagsradgjof.hi.is

Umsóknarfrestur er til og með 5. júní 2021